

Fundargerð stjórnar Bandalags íslenskra skáta

Fundarstjóri: Marta Magnúsdóttir	Fundur nr. 05/2018
Fundarritari: Sigríður Ágústsdóttir	
Mættir: Anna G Sverrisdóttir formaður fjármálaráðs Berglind Lilja Björnsdóttir formaður ungmennaráðs Björk Norðdahl formaður fræðsluráðs Dagmar Ýr Ólafsdóttir aðstoðarskátahöfðingi, formaður félagaráðs Halldór Valberg Skúlason fulltrúi upplýsingaráðs Jón Egill Hafsteinsson fulltrúi upplýsingaráðs Jón Þór Gunnarsson formaður alþjóðaráðs (á skype hluta af fundi) Kristinn Ólafsson framkvæmdastjóri BÍŚ Marta Magnúsdóttir skátahöfðingi Sigríður Ágústsdóttir skrifstofustjóri BÍŚ	Fundarstaður: Skátamiðstöðin Hraunbæ 123, Reykjavík Dags: 20. feb. 2018 Frá kl. 20:00 Til kl. 22:00
Fjarverandi: Harpa Ósk Valgeirdóttir formaður dagskráráðs	
Gestur: Júlíus Aðalsteinsson undir lið 7: Önnur mál	

Dagskrá:

Tími - mín:	Nr.	Fundarefni	Fylgiskjöl í möppu	Ábyrgð
1	1	Setning MM setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.		MM
1	2	Fundargerð síðasta fundar Samþykkt.		SÁ
15	3	<p>Yfirlit stjórnarmanna, hámark 3 mínútur á mann:</p> <p>Anna G: Fundur hjá Úlfljótsvatni, ákveðið að ganga frá samningi við Skátamiðstöðina um bókunarþjónustu, símsvörun og bókhald til haustsins. Jakob Guðnason er byrjaður í starfi sem staðarhaldari á Úlfljótsvatni.</p> <p>Berglind: Ungmennafélag í byrjun febrúar – vel heppnað þing, 37 þátttakendur skráðir en 4 Norðanmenn komust ekki vegna ófærðar, 33 komust. Þátttakendur skemmtu sér mjög vel og mikill hugur í fólki. Það kom skýrt fram að fólk vill hafa viðburðinn heila helgi. Fór á aðalfund Skjöldunga í gær, góður fundur og mikið unnið í félaginu.</p> <p>Björk: Fór á aðalfund Kópa, öflugur fundur og þau sem höfðu verið á Ungmennafélaginu voru mjög virk á fundinum. Félagaprennan kynnt og Kópar hafa formlega óskað eftir því að fá að vera eitt af tilraunafélögnum. Það hefur ekki verið fundur í ráðinu nýlega.</p>		Allir

	<p>Dagmar: Fór á aðalfundi hjá Kópum og Mosverjum. Kópar voru með unga og áhugasama á fundinum, Mosverjar voru með kosningar því fleiri buðu sig fram en sæti voru fyrir. Félagaráð hefur ekki hist nýlega.</p> <p>Haldór Valberg og Jón Egill: Undirbúa Unga talsmenn, skoða útgáfu á Skátablaðinu, ritstjórn er ekki nógu vel mönnuð til að standa í útgáfu blaðsins í bili, fá tækifæri til að manna ritstjórn fram í maí og miða að útgáfu í ágúst í kynningarviku. Ef þeim tekst ekki að manna ritstjórn í maí verður ritstjórnin leyst upp og verkefnið endurskoðað. 22. feb – útbúa skáta-facebook ramma. Annað tekst ekki vegna tímaskorts ráðsmanna. Lagt til að fólk verði með klút og/eða í skátabúningi þann 22. febrúar.</p> <p>Jón Þór: Alþjóðaráð hefur unni stíft síðasta mánuðinn og flest verkefni komin í góðan farveg. Starfsáætlun með þjálfun og vinnslu í alþjóðamálum, ferðir eru að skýrast, Crean var um helgina, verið er að kynna Nordic Adventure Race, Euro Mini Jam og wsj19 í vinnslu, fundað með fararstjórum wsj19. Auður djúpúðga verkefnið er ekki farið af stað. Annars í góðum málum með verkefnin.</p> <p>Marta: Fór á fálkaskátafund hjá Garðbúum, fór á fund í Tékklandi með skátahöfðingjum, fund í Riga um Growth – fjölgun í skátaheyfingunni. Þar var ýmislegt um fjölgun í umræðunni en kannski full yfirborðsmikil vinna – ekki farið í dýptina og engin „case studies“. Fór í viðtal á Rás1 „Segðu mér“, ætlar að skrifa fleiri pistla og koma okkur í umræðuna í samfélaginu. Spurning hvernig hægt er að styðja við skátafélög sem eiga undir högg að sækja vegna manneklu eða skort á gæðum í skátastarfinu. Fundarboð skátafélaganna eru mjög mismunandi og æskilegt að senda út „best practises“. Marta vill kynna efni úr vetrarlöngu námskeiði, „Stjórnendur í þriðja geiranum“ hjá HR sem hún tók í vetur og er búin að senda póst á félagsforingja þess efnis. Heiðursmerkjanefnd BÍS fundaði í vikunni. Skátabúningsteymið – öll félög nema eitt hafa svarað, langflest mjög jákvæð að fara í þessa vinnu.</p> <p>Skátamiðstöðin: Salka Guðmundsdóttir er hætt störfum, henni eru þökkuð mjög vel unnin störf. Unnur Líf Kvaran hefur verið ráðin í starf móttökufulltrúa. Jafnframt því mun Unnur sinna starfsnámi sínu í viðburðastjórnun frá Hólum. Styrktarpinninn verður sendur út í næstu viku, nafnalistar voru uppfærðir og leiðréttir. Aldursbilamótin eru í vinnslu og hreyfing að komast á þá vinnu. Mismunandi sýn er hjá mótstjórnnum um hver á að gera hvað – BÍS vs sjálfboðaliðar/mótstjórnir. Það verður unnið í að skýra þá</p>		
--	--	--	--

		<p>skiptingu þegar Rakel Ýr Sigurðardóttir kemur til starfa sem viðburðastjóri, hún byrjar 1. mars nk.</p> <p>Crean Challenge verkefnið var kynnt vel fyrir fjölmiðlum en náði ekki alla leið í miðlun. Ekki er ljóst ennþá hvort fánaverkefnið fer af stað – Eimskip er ekki búíð að gefa svar. Við erum á síðsta snúning að ná fyrir sumardaginn fyrsta ef af verkefninu verður.</p>		
5 0	4	<p>Fjármál</p> <p>Starfsáætlun BÍS 2018. Fjárhagsáætlun var samþykkt með fyrirvara um styrkupp hæð frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu.</p>		AGS/KÓ
20	5	<p>Meginmál 1</p> <p>Skátaping 2018</p> <ol style="list-style-type: none"> 1. Dagskrá 2. Fundarboð þarf að senda út í síðasta lagi 23. feb. Samþykkt. 3. Lagabreytingar frá stjórn þurfa að berast fyrir 9. mars, eru í vinnslu. 4. Leiðbeinandi viðmið vegna framboða – samþykkt. 5. Tillaga að boðslista – verður unninn áfram. 6. Tillaga að einföldun á skipulagi BÍS, eru í vinnslu. 		MM
15	6	<p>Starfsmannamál</p> <p>Starfslýsing fyrir erindreka og verkefnastjóra BÍS er í vinnslu.</p>		KÓ/SÁ
10	7	<p>Önnur mál</p> <ol style="list-style-type: none"> 1. FOSE og kynning á því til íslenskra skáta. Evrópustjórn WOSM fundar hér í sumar og spurning hvort hægt er að kynna FOSE þar og/eða hvort hægt er að kynna FOSE á Skátapingi í apríl. Ákveðið að bjóða FOSE að kynna samtökin á fundi Evrópustjórnar í sumar. 2. Skátabúningurinn – svar frá félögum? Öll nema eitt búíð að svara. Farið verður í vinnu við endurskoðun á búningnum. 3. Stuðningur við skátafélög. Þurfum að finna leiðir til að lóðsa skátafélög sem standa frammi fyrir vöntun á sjálfboðaliðum og/eða þurfa að efla skátastarfið á einhvern hátt. 4. Afmæli skátafélaga 22. febrúar: Hamar – 30 ára afmælishátíð. Faxi – 80 ára afmælishátíð. 5. Samráðsfundur. Byrja á að samræma störf stjórnar og skipa sér stefnu með vinnuhelgi 20.-21. apríl. 		<p>JA</p> <p>MM</p> <p>Allir</p>

		Eftir það er hægt að hafa samráðsfund stjórnar og ráða.		
		Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið.		

Úr viðburðadagatali BÍS:

feb?	Skátapepp Leiðtogabjálfun
17	Gilwell leiðtogabjálfun 2. skref
22.	22. febrúar - skátafélög halda saman fund? Auglýst á fb
22.-26.	Skátamót Vetrarólympíuleikarnir – alheimsmót ungliða í Gangwon héraði, Suður Kóreu
úts. í feb	Styrktarpinni skáta
4. mars	Drekaskátadagur
mars?	Leiðtoganámskeið - Skátapepp
16.-18.? mars	Ungir talsmenn skáta
1.-15. apríl	Íslenski fáninn í öndvegi (sent út fyrir sumardaginn fyrsta sem er 19. apríl)
6.-7. apríl	Skátaping
11.-15.	Agora 2018 - Írlandi
12. apríl	Nýliðanámskeið og samráðsfundir stjórnar og ráða BÍS
14	Gilwell leiðtogabjálfun 4. skref
19	Sumardagurinn fyrsti
20.-22.	Hrollur - ævintýraleg útivistarkeppni fyrir dróttskáta
28	Félagsstjórnarnámskeið - Ábyrgð og skyldur stjórnarmanna